

25. apríl 1973.

17

Nr. 8.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

29. marz 1973.

Nr. 9.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi
tvö hvalveiðiskip hf. Hvals.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu um ótiltekinn tíma 1 eða 2 hvalveiði-
skip hf. Hvals á Miðsandi til notkunar fyrir Landhelgisgæzluna, enda komi fullt
endurgjald fyrir afnotin eftir mati dómkvaddra manna, samkvæmt ákvæðum laga nr.
67 1917, um framkvæmd eignarnáms.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. marz 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

6. apríl 1973.

Nr. 10.

L Ö G

um Fósturskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu.

I. KAFLI

1. gr.

Fósturskóli Íslands er ríkisskóli með aðsetri í Reykjavík.
Skólinn er jafnt fyrir karla sem konur.